



## Sáttmáli Evrópuráðsins um lýðræðis- og mannréttindamenntun



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



COUNCIL OF EUROPE  
CONSEIL DE L'EUROPE

# **Sáttmáli Evrópuráðsins**

## **um lýðræðis- og mannréttindamenntun**

Samþykktur í samræmi við tilmæli ráðherranefndarinnar, CM/Rec(2010)7

## Inngangur

Menntun gegnir lykilhlutverki til að efla grundvallargildi Evrópuráðsins: lýðræði, mannréttindi og réttarríki, en jafnframt til að koma í veg fyrir mannréttindabrot. Í auknum mæli er almennt litið á menntun sem vörn gegn auknu ofbeldi, kynþáttafordómum, öfgahyggju, útlendingahatri, mismunun og umburðarleysi. Þessi aukna vitund kemur fram í að öll 47 aðildarríki Evrópuráðsins samþykktu í samræmi við tilmæli ráðherranefndarinnar, CM/Rec(2010)7, Sáttmála Evrópuráðsins um lýðræðis- og mannréttindamenntun.

Unnið var að sáttmálanum um nokkurra ára skeið eftir víðtæk samráð en hann er ekki bindandi. Hann verður mikilvæg viðmiðun öllum þeim sem vinna við lýðræðis- og mannréttindamenntun. Vonandi skerpir hann sýn aðildarríkjanna og verður þeim hvati til dáða, en breiðir jafnframt út góðar starfsvenjur og bæti gæðastaðla um alla Evrópu og víðar.

# Sáttmáli Evrópuráðsins

## um lýðræðis- og mannréttindamenntun

sambýkktur í samræmi við tilmæli ráðherranefndarinnar, CM/Rec(2010)7

### 1. Kafli – Almenn ákvæði

#### 1. Gildissvið

Sáttmáli þessi fjallar um lýðræðis- og mannréttindamenntun eins og hún er skilgreind í 2. grein. Hann fjallar ekki beinlínis um skyld mál svo sem þvermenningarlega menntun, jafnréttismenntun, sjálfbærnimenntun og friðarmenntun, nema þar sem þau skarast og tengjast lýðræðis- og mannréttindamenntun.

#### 2. Skilgreiningar

Eftirfarandi á við um þennan sáttmála:

- a. „Lýðræðismentun“ (Education for Democratic Citizenship, EDC) merkir mentun, þjálfun, vitundarvakningu, upplýsingar, starfsvenjur og athafnir sem miða að því að veita nemendum þekkingu, leikni og skilning við að móta viðhorf þeirra og hegðun til að gera þeim kleift að beita og standa vörð um lýðræðisleg réttindi sín og skyldur í samfélaginu og til að meta gildi fjölbreytileika og taka virkan þátt í lýðræðislegu lífi með það fyrir augum að efla og verja lýðræði og réttarríkið.
- b. „Mannréttindamenntun“ (Human Rights Education, HRE) merkir mentun, þjálfun, vitundarvakningu, upplýsingar, starfsvenjur og athafnir sem miða að því að veita nemendum þekkingu, leikni og skilning og að móta viðhorf þeirra og hegðun til að gera þeim kleift að leggja sitt af mörkum til að efla og standa vörð um almennan viðgang mannréttinda í samfélaginu með það fyrir augum að efla og verja mannréttindi og mannfrelsi.
- c. „Formleg menntun“ merkir skipulagt mennta- og þjálfunarkerfi sem nær yfir leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og upp á háskólastig. Hún fer að jafnaði fram í almennum menntastofnunum eða starfsmenntastofnunum og stefnir að vottuðum námslokum.
- d. „Óformleg menntun“ merkir hverja þá skipulögðu námsbraut sem ætlað er að auka margs konar leikni og hæfni utan formlega menntakerfisins.
- e. „Formlaus menntun“ merkir ævilangan feril þar sem einstaklingurinn öðlast viðhorf, gildi, leikni og þekkingu fyrir þau menntunaráhrif og menntunartækifæri sem hann býr við og í daglegu lífi (frá fjölskyldu, jafningjum, nágrönnum, almennum samskiptum, bókasöfnum, fjölmiðlum, atvinnu, leik, o.s.frv.).

### 3. Tengsl lýðræðismenntunar og mannréttindamenntunar

Lýðræðismenntun og mannréttindamenntun eru nátengdar og styðja hvor aðra. Þær eru ólíkar hvað áherslu og umfang snertir fremur en markmið og starfsaðferðir. Í lýðræðismenntun er fyrst og fremst lögð áhersla á lýðræðisleg réttindi og skyldur og virka þátttöku hvað varðar borgaraleg, stjórnómálag, félagsleg, fjárhagsleg, lagaleg og menningarleg svið samfélagsins, en mannréttindamenntun snýr að mannréttindum í víðari skilningi og mannfrelsi á öllum sviðum mannlífsins.

### 4. Stjórnskipulag og forgangsatriði aðildarríkja

Þeim markmiðum, meginreglum og stefnumálum sem sett eru fram hér að neðan skal framfylgt:

- a. að því er tekur til stjórnskipulags hvers aðildarríkis og beitt skal þeim úrræðum sem viðeigandi eru innan hvers skipulagskerfis.
- b. að teknu tilliti til forgangsatriða og þarfa hvers aðildarríkis.

## 2. Kafli – Markmið og meginreglur

### 5. Markmið og meginreglur

Aðildarríkin skulu hafa eftirfarandi markmið og meginreglur að leiðarljósi við stefnumótun, lagasetningu og starfsreglur.

- a. Það takmark að veita sérhverjum einstaklingi innan yfirráðasvæðis síns tækifæri til að njóta lýðræðis- og mannréttindamenntunar.
- b. Nám sem tekur til lýðræðis- og mannréttindamenntunar er ævilangt ferli. Árangursríkt nám á þessu sviði nær til fjölmargra hagsmunaaðila, þar á meðal stefnumótandi aðila, faglegra starfsmanna menntastofnana, nemenda, foreldra, menntastofnana, fræðsluyfirvalda, opinberra starfsmanna, frjálsra félagasamtaka, æskulýðssamtaka, fjölmiðla og alls almennings.
- c. Allar leiðir menntunar og þjálfunar, hvort sem þær eru formlegar, óformlegar eða formlausar hafa hlutverki að gegna í þessu námsferli og eru gagnlegar til að styrkja meginreglur þess og ná markmiðum þess.
- d. Framlag frjálsra félagasamtaka og æskulýðssamtaka til lýðræðis- og mannréttindamenntunar er mikilvægt, sérstaklega með óformlegri og formlausri menntun og þau þurfa því tækifæri og stuðning til að geta lagt sitt af mörkum.

- e. Kennslu- og námsvenjur og aðferðir skulu fylgja í kjölfarið og styðja við gildi og grundvallarreglur lýðræðis og mannréttinda, einkum skal stjórnun menntastofnana, þar á meðal skóla, endurspegla og efla gildi mannréttinda og hlúa að valdeflingu og virkri þátttöku nemenda, starfsmanna menntastofnana og hagsmunaaðila, þar á meðal foreldra.
- f. Nauðsynlegur þáttur í allri lýðræðis- og mannréttindamenntun er að efla félagslega samheldni og þvermenningarlega umræðu og að virða fjölbreytileika og jafnrétti, þar á meðal jafnrétti kynjanna. Í þessum tilgangi er grundvallaratriði að stuðla að þekkingu, persónulegri og félagslegri leikni og skilningi sem dregur úr átökum, eykur viðurkenningu og skilning á mismunandi trúarbrögðum og þjóðernishópum, eflir gagnkvæma virðingu fyrir mannlegri reisn og sameiginlegum gildum, hvetur til umræðna og styður friðsamlegar aðgerðir til að leysa vandamál og deilur.
- g. Eitt grundvallarmarkmið lýðræðis- og mannréttindamenntunar er ekki aðeins að veita nemendum þekkingu, skilning og leikni heldur einnig að styrkja þá til að vera reiðubúna að grípa til aðgerða í samfélaginu til varnar og eflingar mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins.
- h. Samfelld þjálfun og þróun fyrir faglega starfsmenn menntastofnana og æskulýðsleiðtoga, og jafnframt fyrir þjálfarana sjálfa, í grundvallarreglum og starfsvenjum lýðræðis- og mannréttindamenntunar er ómissandi þáttur í því að koma til skila og viðhalda á sjálfbæran hátt árangursríkri menntun á þessu sviði og skal þar af leiðandi skipuleggja og fjármagna á fullnægjandi hátt.
- i. Hvetja skal til samheldni og samstarfs meðal þeirra fjölmörgu hagsmunaaðila sem þátt taka í lýðræðis- og mannréttindamenntun á lands-, svæðis- og staðarvísu til þess að nýta framlag þeirra sem best, svo sem meðal stefnumótandi aðila, faglegra starfsmanna menntastofnana, nemenda, foreldra, menntastofnana, frjálsra félagasamtaka, fjölmiðla og alls almennings.
- j. Þar sem gildi mannréttinda og skyldur eru alþjóðleg svo og þær sameiginlegu grundvallarreglur sem renna stoðum undir lýðræði og réttarríkið, er mikilvægt fyrir aðildarríkin að sækjast eftir og hvetja til alþjóðlegrar og svæðisbundinnar samvinnu um þá starfsemi sem sáttmáli þessi felur í sér og jafnframt að staðfesta og skiptast á góðum starfsvenjum.

### **3. Kafli – Stefnumörkun**

#### **6. Formleg almenn menntun og starfsmenntun**

Aðildarríki skulu setja lýðræðis- og mannréttindamenntun á námskrá í formlegri menntun á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi, þar með talin starfsmenntun og þjálfun. Aðildarríki skulu einnig halda áfram að styðja,

endurskoða og endurnýja lýðræðis- og mannréttindamenntun í þessu námi til þess að tryggja mikilvægi þeirra og hvetja til áframhaldandi þróunar á þessu sviði.



## 7. Æðri menntun

Aðildarríki skulu stuðla að því, að teknu tilliti til grundvallarreglna um akademískt frelsi, að lýðræðis- og mannréttindamenntun sé stunduð í æðri menntastofnunum, sérstaklega fyrir verðandi faglega starfsmenn menntastofnana

## 8. Lýðræðislegir stjórnarhættir

Aðildarríki skulu stuðla að lýðræðislegum stjórnarháttum í öllum menntastofnunum þar sem þeir eru í sjálfu sér eftirsóknarverðir og gagnlegir og jafnframt hagkvæm leið til að læra og öðlast reynslu af lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Þau skulu hvetja til og greiða fyrir, með viðeigandi hætti, virkri þátttöku nemenda, starfsfólks menntastofnana og hagsmunaaðila, þar á meðal foreldra, í stjórn menntastofnana.

## 9. Þjálfun

Aðildarríki skulu sjá fyrir kennurum, öðru starfsfólki menntastofnana, æskulýðsleiðtogum og þjálfurum með nægilega grunn- og símenntun og stuðla að áframhaldandi þróun í lýðræðis- og mannréttindamenntun. Þetta á að tryggja að þessir starfsmenn hafi greinargóða þekkingu og skilning á markmiðum og grundvallaratriðum greinarinnar og viðeigandi kennslu- og námsaðferðum, auk annarrar leikni sem tilheyrir þessu menntasviði.

## 10. Hlutverk frjálsra félagasamtaka, æskulýðssamtaka og annarra hagsmunaaðila

Aðildarríkin skulu styrkja hlut frjálsra félagasamtaka og æskulýðssamtaka í lýðræðis- og mannréttindamenntun, sérstaklega innan óformlegrar menntunar. Þau skulu viðurkenna þessi samtök sem mikilsverðan þátt í menntakerfinu, veita þeim þann stuðning sem mögulegur er og nýta til fullnustu þá sérþekkingu sem þau hafa fram að færa til allrar menntunar. Aðildarríki skulu einnig efla og kynna lýðræðis- og mannréttindamenntun öðrum hagsmunaaðilum, sérstaklega fjölmiðlum og almenningi, til þess að auka sem framast má verða framlag þeirra á þessum vettvangi.

## 11. Matsviðmið

Aðildarríki skulu þróa viðmið fyrir mat á námsárangri í lýðræðis- og mannréttindamenntun. Endurgjöf til nemenda skal vera óaðskiljanlegur hluti alls slíks mats.

## 12. Rannsóknir

Aðildarríki skulu hrinda af stað og efla rannsóknir á lýðræðis- og mannréttindamenntun til að gera úttekt á ríkjandi ástandi á þessu sviði og veita hagsmunaaðilum, þar á meðal stjórnvöldum, menntastofnunum, fræðslufyrirvöldum, kennurum, nemendum, frjálsum félagasamtökum og æskulýðssamtökum samanburðarupplýsingar til að aðstoða við að meta árangur og auka skilvirkni starfshátta sinna. Þessar rannsóknir gætu, meðal annars, falið í sér rannsóknir á námskrám, nýjungum í starfsháttum, kennsluaðferðum og þróun



matskerfa, þar á meðal matsviðmiða og -vísbendinga. Aðildarríki skulu miðla niðurstöðum til annarra aðildarríkja og hagsmunaaðila þar sem það á við.

### **13. Leikni til að efla samheldni, meta fjölbreytileika og fást við ágreining og árekstra**

Á öllum sviðum menntunar skulu aðildarríkin styðja við menntunarviðhorf og kennsluaðferðir sem miða að læra að búa saman í lýðræðislegu fjölmeningarsamfélagi og að gera nemendum fært að öðlast þekkingu og leikni til að efla samheldni, virða margbreytileika og jafnrétti, viðurkenna fjölbreytni – sérstaklega á milli ólíkra trúarbragða og minnihlutahópa – og sætta ágreining og árekstra án ofbeldis með gagnkvæmri virðingu að leiðarljósi, en jafnframt að berjast gegn mismunun og ofbeldi í hvaða formi sem slíkt birtist, en þó einkum einelti og áreitni.

## **4. Kafli – Mat og samvinna**

### **14. Mat og endurskoðun**

Aðildarríki skulu reglulega meta áætlanir og stefnu sem þau hafa markað varðandi þennan sáttmála og umbreyta þessum áætlunum og stefnu eftir því sem við á. Þau geta gert slíkt í samvinnu við önnur aðildarríki, til dæmis eftir landssvæðum. Hvert ríki getur auk þess óskað eftir aðstoð Evrópuráðsins.

### **15. Samstarf og eftirfylgni**

Aðildarríki skulu, eftir því sem við á, vinna saman eða fyrir milligöngu Evrópuráðsins að því að ná fram markmiðum þessa sáttmála með því að:

- a. fylgja eftir þeim málum sem skilgreind hafa verið að varði sameiginlega hagsmuni og hafi forgang,
- b. að hlúa að fjölbreytileikum verkefnum og milliríkjaverkefnum, þar á meðal því kerfi samræmingaraðila sem er fyrir hendi um lýðræðis- og mannréttindamenntun,
- c. skiptast á, þróa, kerfisbinda og móta kynningu á góðum starfsvenjum,
- d. skýra öllum hagsmunaaðilum, þar á meðal almenningi, frá markmiðum og framkvæmd sáttmálans,
- e. styrkja tengsl frjálsra félagasamtaka, æskulýðssamtaka og faglegra starfsmanna menntastofnana í Evrópu og samvinnu þeirra.

## **16. Alþjóðleg samvinna**

Aðildarríki skulu miðla þeim árangri sem þau hafa náð á sviði lýðræðis- og mannréttindamenntunar innan ramma Evrópuráðsins til annarra alþjóðastofnana.



## **Að lifa og læra í lýðræði**

### **Skrifstofa Evrópuráðsins um menntun og tungumál**

F-67075 Strasbourg Cedex

Tel.: +33 (0)3 88 41 35 29

Fax: +33 (0) 3 88 41 27 88

Internet: <http://www.coe.int/edc>

